



Ársskýrsla

2020



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Starfsemi Rauða krossins á árinu 2020	4
Innanlandsstarf - Samantekt úr starfinu	7
Myndir úr starfi Rauða krossins	14
Alþjóðlegt hjálparstarf - Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020	17
Alþjóðaverkefni - Alþjóðleg verkefni Rauða krossins á Íslandi og verkefni sendifulltrúa	21
Fjármál - Tekjur og framlög	22
Lykiltölur úr rekstrinum	23

Ársskýrsla Rauða krossins á Íslandi 2020

Reykjavík, júní 2021

Útgefandi: Rauði krossinn á Íslandi

Ábyrgðaraðili: Kristín S. Hjalmtýsdóttir

Ritstjórar: Brynhildur Bolladóttir og Gunnlaugur Bragi Björnsson

Umbrot og hönnun: María Margeirsdóttir, Hnotskógur

Prófarkalestur: Nína Helgadóttir og fleiri

Myndir: Sigurður Ólafur Sigurðsson, IFRC, ICRC, starfsfólk og sjálfbóðaliðar Rauða krossins á Íslandi

Ávarp formanns



Ágætu félagar

Árið 2020 mun seint renna okkur úr minni, því þá breyttist svo margt. Stjórnarfundir, aðalfundir og fjölskylduboð færðust úr mannheimum og yfir á netið. Börn máttu ekki mæta í skóla og margir unnu langtum meira að heiman en á hinum eiginlega vinnustað. Jaðarsettir og viðkvæmir hópar bjuggu við enn meiri einangrun en áður, fólk veiktist af veirunni og margir létust.

Síðastliðið ár einkenndist svo sannarlega af heimsfaraldri kórónuveirunnar og þar sannaðist hið fornkveðna að allt er breytingum háð. En þó árið hafi verið erfitt verður ekki fram hjá því litið að því fylgdi lærdómur og tækifæri. Þó við höfum haldið fjarlægð í raunheimum og forðast mannámót meirihluta ársins hefur þjóðin þétt raðirnar og sagt í kór: Við erum öll almannavarnir.

Þó að vel hafi gengið í baráttunni við veiruna hér á Íslandi þá er ekki svo alls staðar. Víða er ástandið enn slæmt og faraldurinn jafnvel enn í vexti, einkum í fátækari ríkjum þar sem staðan var hvað verst. Verkefni okkar, sendifulltrúa félagsins og alþjóðahreyfingar Rauða krossins hafa tekið breytingum vegna þessa og við munum áfram leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að tryggja megi eins farsælan endi og verða má fyrir allar þjóðir. Fyrr er baráttan ekki unnin. Líkt og fyrri ár var hlutverk Rauða krossins í íslensku samfélagi veigamiklið,

enda er félagið mikilvægur hlekkur í almannavörnum og neyðarvörnum landsins eins og glöggmt mátti sjá á árinu. Þar má nefna umsjón farsóttarhúsa og sóttkvíarhótelna - verkefni sem enginn vissi í raun hvernig ætti að leysa en okkur var treyst fyrir. Reynsla okkar og færni kom vel fram við opnun fjölda hjálparstöðva á árinu, til dæmis vegna aurskriða á Seyðisfirði og snjóflóða bæði á Flateyri og í Súgandafirði. Þar fór okkar þrautþjálfaða ferli í gang og gekk sem smurð vél, svo eftir var tekið.

Á aðalfundi Rauða krossins sem haldinn var með óvenjulegu sniði í maímánuði áttu sér stað þau tímamót að ný heildarlög fyrir félagið voru samþykkt. Þá samþykkti fundurinn einnig nýja stefnu Rauða krossins til ársins 2030, en þar kemur fram mikilvæg kortlagning á helstu áskoronum í okkar starfi. Þær áskoranir eru meðal annars loftslagsbreytingar, hættuástand og hamfarir, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, fólksflutningar og valdaójafnvægi innan samfélaga. Ljóst er að mörg af okkar núverandi verkefnum falla vel að þessum niðurstöðum en kortlagningin mun aðstoða okkur við reglulegt endurmat og val á nýjum verkefnum.

Á árinu var áfram unnið að endurskipulagningu og eflingu starfs Rauða krossins um land allt. Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu varð til með sameiningu Reykjavíkur- og

Mosfellsbæjardeildar, suður með sjó sameinuðust Suðurnesja- og Grindavíkurdeild undir merkjum Rauða krossins á Suðurnesjum og austan heiða sameinuðu Eskifjarðar-, Norðfjarðar, Reyðarfjarðar- og Breiðdalsdeildir krafta sína í öflugri deild Rauða krossins í Fjarðabyggð. Það er mín trú að sameiningarnar styrki starf deilda í nærumhverfinu, en samhlíða var svæðis-skrifstofum félagsins lokað og stuðningur landskrifstofu við stjórnir og deildir aukinn og að fullu færður þangað.

Starfsemi Rauða krossinn á Íslandi var sannarlega umfangsmikil, en um leið nokkuð óhefðbundin á árinu 2020 og þörfin fyrir félag sem okkar sannaði sig enn með skýrum hætti. Raunar virðist samfélagið allt sammála um þetta mikilvægi Rauða krossins enda hefur Mannvinum, hinum mánaðarlegu styrktaraðilum félagsins farið fjölgandi jafnt og þétt á undanförunum misserum. Það er alveg ljós að sjálfbóðaliðar Rauða krossins, félagar og stuðningsaðilar eru hryggjarstykkid í öllum okkar verkefnum. Án þessara aðila væri starf félagsins ekki mögulegt.

Kæru sjálfbóðaliðar, starfsfólk, samstarfs- og stuðningsaðilar. Hjartans þakkir fyrir ykkar mikilvæga framlag í þágu mannúðar. Styrkur Rauða krossins er fólgin í ykkur - fólkinu sem starfar af hugsjón og gerir samfélagið betra á hverjum degi.

Með kærri kveðju,
Sveinn Kristinsson
formaður Rauða krossins á Íslandi

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2020

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2020 var lituð af heimsfaraldri COVID-19 rétt eins og annars staðar. Draga þurfti verulega úr virkni sumra verkefna á meðan aukið álag skapaðist á önnur. Samkomutakmarkanir eru krefjandi fyrir félag eins og Rauða krossinn þar sem nánd og samvera er lykilatriði í mörgum verkefnum. Sjálfbóðaliðar og starfsfólk löguðu sig að breyttum aðstæðum eftir bestu getu og sýndu styrk og úrræða-getu á erfiðum tímum.

Rauði krossinn tók að sér rekstur farsóttarhúsa sem var alveg nýtt verkefni. Húsin voru mönnum starfsfólki og sjálfbóðaliðum fyrst um sinn en í lok árs störfuðu aðeins launaðir starfsmenn þar. Í mars var óskað eftir tímabundnum sjálfbóðaliðum á einskona viðbragðslista sem hægt væri að hafa samband við ef



t.d. vantaði fólk í farsóttarhús, enda þurfti að haga seglum eftir vindi í þeirri starfsemi eftir því hve mörg þurftu að dvelja þar hverju sinni. Vel á annað hundrað skráðu sig og voru tilbúin að bregðast skjótt við.

Á árinu tók landsskrifstofa Rauða krossins við Sjálfbóðaliðamiðstöðinni og starfar hún nú á landsvísu með það að leiðarljósi að taka sem best á móti nýjum sjálfbóðaliðum og tryggja að velferð, þjálfun og fræðsla sjálfbóðaliða sé ávallt í fyrirrúmi.


Mannauður Sjálfbóðaliðar

Samvinna hefur verið um móttöku sjálfbóðaliða á höfuðborgarsvæðinu í Sjálfbóðaliðamiðstöð síðan árið 2016.


Aukning í umsóknum sjálfbóðaliða

Tæplega 50% aukning varð á fjölda umsókna sjálfbóðaliða milli árana 2019 og 2020, eða úr 1.114 umsóknum árið 2019 í 1.640 árið 2020.

Skipting sjálfbóðaliða eftir landshlutum



Aldursdreifing sjálfbóðaliða




Fjöldi sjálfbóðaliða eftir verkefnum



- Fataverkefni - 935 25%
- Kvennadeild Reykjavíkur - 85 2%
- Neyðarvarnir - 1041 28%
- Skaðaminnkun - 137 4%
- Starf í athvarfi - 33 1%
- Starf með fólki af erlendum uppruna - 458 12%
- Starf með ungu fólki - 119 3%
- Stjórna- og nefndastörf - 317 9%
- Tímabundin verkefni - 28 1%
- Vinaverkefni - 558 15%

Kyn starfandi sjálfbóðaliða á árinu



- Karlar 22%
- Konur 77%
- Kynsegin 1%

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2020

Starfsfólk

Á árinu 2020 voru 220 einstaklingar sem sinnu launuðum störfum hjá félaginu í 115 stöðugildum að meðaltali. Í lok árs var fjöldi starfsfólks 128 talsins í 111 stöðugildum, þar af voru fjórir einstaklingar sem sinnu sendifulltrúastörfum í 3,6 stöðugildum. Á árinu náðist að jafna kynjahlutfall meðal starfsfólks um 4% og launamun kynjanna um 2%. Í lok árs 2020 samanstóð starfsmannahópurinn af 27% körlum og 73% konum.

Jafnlaunavottun

Rauði krossinn hlaut á árinu vottun á jafnlaunakerfi sitt og þar með heimild til að nýta jafnlaunamerkið í starfsemi sinni. Vottun kerfisins er til þriggja ára í senn en vottunaraðili (iCert) mun fylgja vottun eftir árlega með viðhaldsúttektum. Rauði krossinn stóðst úttekt án frávika og athugasemda sem er sjaldgæft. Með vottun hefur Rauði krossinn fengið staðfestingu á að jafnlaunakerfi félagsins sé í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins og er megin

tilgangur þess að tryggja að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Unnið hefur verið að þessu markmiði síðastliðin ár og er það því mikið ánægjuefni að Rauði krossinn hafi nú hlotið vottunina.

Námskeiðahald

Námskeiðahald á vegum Rauða krossins litaðist af takmörkunum vegna heimsfaraldursins en mörg námskeið voru haldin rafrænt í stað staðnámskeiða og var þannig hægt að halda nýliðun og þjálfun sjálfbóðalíða áfram.

Námskeið	2019		2020	
	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Grunnnámskeið	1	326	1	245
Deildanámskeið Rauða krossins	1	19	1	40
Fjöldahjálparnámskeið	14	220	14	212
Hjálparsímanámskeið	3	29	5	41
Sálrænn stuðningur	41	669	9	109
Sálrænn stuðningur II	2	30	1	12
Vinaverkefnanámskeið	15	126	19	128
Námskeið um málefni farenta	14	267	22	368
Skaðaminnkunarnámskeið	3	31	4	43
Skyndihjálparnámskeið	507	7848	542	8340
Önnur námskeið	2	84	4	25
Samtals	603	9649	622	9563

Sameiningar deilda og formenn

Reykjavíkurdeild og Mosfellsbæjardeild sameinuðust í Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu. Þá sameinuðust Suðurnesjadeild og Grindavíkurdeild í Suðurnesjadeild. Eskifjarðar-, Norðfjarðar-, Reyðarfjarðar- og Breiðdalsdeildir sameinuðust í Rauða krossinn í Fjarðabyggð.

Eftirtaldir formenn létu af störfum á árinu og er þeim þakkað þeirra framlag:

Deild	Fráfarandi formaður	Formaður sem tók við
Mosfellsbæjardeild	Herdís Rós Kjartansdóttir	Árni Gunnarsson (eftir sameiningu deilda)
Kópavogsdeild	David Lynch	Helga Þórólfsdóttir og síðan Guðbjörg Sveinsdóttir
Suðurnesjadeild	Hannes Friðriksson	Guðjón Herbert Eyjólfsson
Grindavíkurdeild	Gunnar Margeir Baldursson	Guðjón Herbert Eyjólfsson (eftir sameiningu deilda)
Súðavíkurdeild	Oddný Elinborg Bergsdóttir	Genka Krasteva G. Yordanova
Barðastrandasýsludeild	Helga Gísladóttir	Alda Hrannardóttir
Öndarfjarðardeild	Þorbjörg Auður Sigbórsdóttir	Steinunn Ása Sigurðardóttir
Pingeyjarsýsludeild	Unnsteinn Ingason	Silja Jóhannesdóttir
Rangárvallasýsludeild	Árni Þorgilsson	Ágúst Leó Sigurðsson

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2020

Aðalfundur Rauða krossins

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi fór fram þann 23. maí. Um einn fund var að ræða en vegna kórónuveirufaraldursins var brugðið á það ráð að skipta fundinum niður á nokkra fundarstaði víðsvegar um landið með aðstoð tækninnar; á tveimur stöðum í Reykjavík, Hafnarfirði, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og í Vík.

Frú Eliza Reid forsetafrú flutti ávarp úr höfuðstöðvum Rauða krossins að Efstaleiti 9 og Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins á Íslandi, þakkaði félagsmönnum og sjálfboðaliðum sérstaklega þeirra störf og viðbúnað sl. mánuði en margir sjálfboðaliðar hafa breytt verkefnum sínum meðan á samkomubanni stendur og fjölmargir brugðist við og aðstoðað í verkefnum tengdum kórónuveirufaraldrinum.

Á aðalfundinum voru ný lög fyrir félagið samþykkt með miklum meirihluta auk þess sem ný stefna var samþykkt til ársins 2030.

Ný stjórn kjörin

Varaformaður Rauða krossins var kjörin Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum, sem setið hefur í stjórn sl. tvö ár. Þá voru þau Sveinn Þorsteinsson, Póra B. Niklásdóttir, Baldur Steinn Helgason, Elín Ósk Helgadóttir og Gréta María Guðmundsdóttir kjörin í stjórn og þau Anna Rósa Magnúsdóttir og Pétur Pétursson kjörin varamenn.

Fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Rögnu Árnadóttur, Helga Ívarssyni, Oddrínu Kristjánsdóttur, Gísla Rafni Ólafssyni og Melkorku Kristinsdóttur var þakkað fyrir þeirra framlag til félagsins.

Mikilvægi fjárhagslegs og félagslegs öryggis fólks sem býr við fátækt

Fundurinn samþykkti samhljóða ályktun um mikilvægi þess að huga að fjárhagslegu og félagslegu öryggi fólks sem býr við mikla fátækt:

Rauði krossinn á Íslandi leggur áherslu á mikilvægi þess að ávallt sé hugað sérstaklega að fjárhagslegu og félagslegu öryggi þess fólks sem býr

við mikla fátækt. Fátækt er ljótur blettur á okkar samfélagi og þegar þrengir að verður staða fólks sem býr við fátækt enn erfiðari en ella og því nauðsynlegt að styðja sérstaklega við þennan hóp. Miklu atvinnuleysi fylgir ótti um afkomu og félagslegt ööryggi, mikil hætta er á langvarandi áhrifum þessa sem verða ekki hvað síst þungbær fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Rauði krossinn leggur áherslu á mikilvægi þess að allir hafi jöfn tækifæri til þátttöku í samfélaginu og að gerðar verði ráðstafanir til að koma til móts við þá sem minnst mega sín. Rauði krossinn hvetur því ríki og sveitafélög til að gæta sérstaklega að fólki sem býr við fátækt á Íslandi.

Stefna Rauða krossins 2020-2030

Stefna Rauða krossins á Íslandi til 2030 var samþykkt á aðalfundi í maí 2020. Hún er byggð á stefnu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans enda spila alþjóðlegar áskoranir á borð loftslagsbreytingar, hættuástand og hamfarir, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og valdaójafnvægi þar stórt hlutverk. Stefnan er þó staðfærð og aðlöguð þar sem við á. Með stefnunni er vörðuð leið að markmiðum félagsins sem eru þrjú:

1. Fólki er búið undir krísu og hamfarir, getur brugðist við þeim og eflst í kjölfar þeirra
2. Fólki býr við öryggi, heilbrigði og mannsæmandi skilyrði og hefur tækifæri til að dafna
3. Fólki vinnur að opnu, fjölbreyttu og friðsælu samfélagi

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um rétt og ákvarðanir fólks til að ná fram jákvæðum breytingum fyrir sig, samfélög sín og heiminn allan. Áhersla er lögð á að sýna þeim sérstaklega stuðning sem búa við erfiða stöðu og jaðarsetningu í samfélaginu. Þannig verður félagið leiðandi á sviði mannúðarmála á Íslandi. Eftir sem áður grundvallast allt starf Rauða krossins á sjálfboðinni þjónustu en aukin heldur er áhersla lögð á stafræna tækni, öflugna og fjölbreytta fjáröflun og skilvirkt net mannúðar til að ná fram

markmiðum félagsins. Þannig getum við sinnt öflugna hjálparstarfi í nærsamfélagi og verið traust og ábyrgt félag sem sinnir málsvarahlutverki og gegnir stoðhlutverki við stjórnvöld.

Til stuðnings við stefnu til 2030 var unnið að innleiðingu fagvæðmiðna um gæði og ábyrgð í mannúðarstörfum og haldast þau í hendur við markmið félagsins sem og viðmið um gæði og ábyrgð í verkefnastjórnun. Allt vinnur þetta saman til þess að gera starf Rauða krossins á Íslandi öflugra, skilvirkara og hnitmiðaðra.

Umsagnir til Alþingis

Á ári hverju sendir Rauði krossinn umsagnir til Alþingis er varða málefni tengd starfsemi félagsins og skjólstæðinga þess. Eftirfarandi umsagnir voru sendar inn á árinu 2020:

- Umsögn um breytingu á lögum um útlendinga (aldursgreining með heildstæðu mati)
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi)
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Haag-samningsins frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð)
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla)

Innanlandsstarf

Samantekt úr starfinu

Krisur og hamfarir

Neyðarvarnir hafa sjaldan verið jafn viðamiklar líkt og á árinu, m.a. var fjöldi útkalla vegna veðurs allt frá því í nóvember 2019, snjóflóð á Vestfjörðum og landris við Grindavík í janúar 2020, heimsfaraldur COVID-19, aurskriður á Seyðisfirði í lok árs sem og önnur útköll sem fjölgaði milli ára. Mikið reyndi á sjálfbóðaliða um land allt og ljóst hve ríkur Rauði krossinn er af vel þjálfuðum sjálfbóðaliðum.

Rauði krossinn mannaði samhæfingarstöð almannaþinga tvisvar á árinu. Alls voru 104 útköll á árinu og þá eru verkefni vegna COVID-19 ekki tekin með. Alls sinntu 419 sjálfbóðaliðar tæplega 3.000 manns á árinu 2020, en til samanburður voru 254 sjálfbóðaliðar sem sinntu 518 þolendum árið 2019.

Námskeiðahald bæði í Inngangi að neyðarvörnum og sérþjálfun fyrir viðbragðshópa var að mestu haldið í fjarkennslu og voru um 220 sjálfbóðaliðar þjálfaðir í neyðarvörnum á árinu.

Heimsfaraldur kórónaveiru

Rauði krossinn sinnti fjölmörgum verkefnum tengdum heimsfaraldrinum á árinu, mannaði samhæfingarstöð almannaþinga og aðgerðastjórnir í umdæmum um land allt, veitti sálrænan stuðning til fólks í sóttkví og einangrun og matvæladreifingu til þeirra sem á þurftu að halda. Eitt stærsta verkefnið var að reka farsóttarhús um landið. Þegar mest var voru fjögur hús starfrækt í einu og dvöldu 992 einstaklingar þar á árinu. Í fyrstu bylgjunni stóðu sjálfbóðaliðar vaktina allan sólarhringinn að sinna COVID smituum einstaklingum. Um 150 sjálfbóðaliðar voru að störfum í verkefnum tengdum COVID-19 á landsvísu og þáðu um 2500 manns stuðning tengdum þeim verkefnum.

Fjöldi skilaboða um m.a. mikilvægi andlegrar heilsu voru send út á bæði samfélagsmiðla og í fjölmiðla, fulltrúar frá Rauða krossinum komu á upplýsingafundi almannaþinga og barnabókin Hetjan mín ert þú sem skrifuð var af fagfólki um heimsfaraldurinn var þýdd á íslensku og dreift víða á fjölda tungumála.


Ritröð greina var birt í samstarfi við visir.is um stöðu berskjaldaðra hópa í heimsfaraldri.

- **Hvernig held ég mig heima ef ég er heimilislaus?**
- **Mikilvægi tengsla og trausts – um stöðu flóttafólks**
- **Einmanaleiki – hinn faldi faraldur**
- **Geðheilsan skiptir líka máli**
- **Rauði krossinn er til staðar**


Árið 2020 – Óvenjulegt og öðruvísi

Árið var óvenjulegt að mörgu leiti. Samgönguslysum fækkaði strax í byrjun árs þegar heimsfaraldurinn reið yfir en á móti komu önnur verkefni sem voru ekki síður krefjandi. Mikið var um sálrænan stuðning líkt og fyrri ár, en verkefni tengd náttúrunni voru sérstaklega áberandi. Strax í upphafi árs féll snjóflóð á Flateyri og flóðþylgja skall á Suðureyri í kjölfar snjóflóðs. Það var mildi að ekki varð mannskaði en mörg áttu um sárt að binda þegar snjóflóðið fyrir 25 árum rifjaðist upp.

Fjöldi og tegund útkalla



Samanburður tegunda útkalla milli árana 2019 og 2020



Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Útköll eftir landshlutum



- Höfuðborgarsvæði **47%**
- Suðurland **19%**
- Norðurland Eystra **7%**
- Norðurland Vestra **3%**
- Vestfirðir **12%**
- Vesturland **4%**
- Austfirðir **9%**
- Suðurnes **7%**

Reykjanesið lét vita af sér í janúarlök með landrasi og jarðskjálftum og óttast var að eldgos væri að hefjast. Vinna við viðbragðsáætlun um að rýma Grindavík hófst en eldgosíð hófst þó ekki fyrr en ári síðar. Þess í stað tók ný og óþekkt veira völdin. Á fyrstu vikum ársins snjóaði einstaklega mikið og margar fjöldahjálparstöðvar voru opnaðar til að koma fólki í skjól, m.a. var fjöldahjálparstöð opnuð í Reykjanesbæ þar sem um 500 manns þurftu húsaskjól vegna ófærðar.

Rétt fyrir jól féll stór aurskriða á Seyðisfjörð og þurfti að rýma allt bæjarfélagið. Sjálfboðaliðar í viðbragðshópi opnuðu fjöldahjálparstöðvar og veittu sálrænan stuðning til íbúa. Sjálfboðaliðar voru að störfum tengdu þessu atviki í nokkrar vikur.

Samráðshópur áfallamála

Samráðshópur áfallamála á landsvísu var formlega virkjaður þrisvar sinnum á árinu vegna stórra alvarlegra atburða. Að auki voru samráðshópar um landið virkjaðir eftir þörfum. Hópurinn er skipaður fulltrúum frá Rauða krossinum, heilbrigðisstofnunum, sveitarfélögum, kirkju og lögreglu í hverju umdæmi fyrir sig. Hóparnir vinna að kortlagningu, upplýsingagjöf og fræðslu um áfallamál auk þess að gera áætlanir í samstarfi við aðgerðastjórn almannavarna í umdæmum hvernig áfallaþjónusta færast yfir til venjubundinnar þjónustu á svæðinu.

Þegar snjóflóðin féllu á Vestfjörðum var hópurinn boðaður til að kortleggja sálrænan stuðning og bjargir á staðnum. Samráðshópurinn á svæðinu var einnig virkjaður fljótt og var hópurinn starfandi í nokkrar vikur. Allir samráðshópar áfallamála komu saman á sínum svæðum vegna kórónuveirufaraldursins til að stilla saman strengi um hvernig stuðningi við íbúa væri háttáð. Samráðshópur á landsvísu var svo virkjaður í kjölfar aurskriða á Austurlandi í lok árs og hópurinn á staðnum var virkjaður samhliða og mun vera starfandi eins lengi og þurfa þykir.

Nýir sjúkrabílar

Rauði krossinn tók á móti 25 nýjum sjúkrabílfreiðum á árinu eftir útboðsferli árið 2019. Nýtt útlit vakti töluverða athygli, en bílarnir sem eru af gerðinni Mercedes Benz Sprinter, eru gulir á lit með svokölluðu Battenburg mynstri sem gerir bílana sýnilegri í umferðinni. Bílarnir

eru merktir Rauða krossinum á Íslandi auk bláu stjörunnar, stjórnú lífsins, sem er alþjóðlegt merki sjúkraflutningamanna. Endurnýjun sjúkrabílaflotans mun halda áfram til a.m.k. 2022.

Heilbrigði

Hjálparsíminn 1717

Á árinu varð gríðarleg aukning á samtölum til Hjálparsímans 1717 sem má fyrst og fremst rekja til COVID-19. Á tímabili tók Hjálparsíminn við yfirfalli símtala frá Læknavaktinni 1700 og fólst sú þjónusta m.a. í því að veita upplýsingar um einkenni, skimanir og sóttkví. Hjálparsíminn jók fljótt sína þjónustu eftir að fyrsta tilfellið af COVID-19 greindist hér á landi í lok febrúar og um tíma voru 20 manns á vakt þegar mest var, í stað tveggja eins og áður var. Árið 2020 bárust Hjálparsímanum samtals 7.057 erindi vegna COVID-19, en ætla má að erindin hafi verið töluvert fleiri þar sem hraðinn og álagið var það mikið að ekki tókst að skrá öll erindi.

Athygli vekur gríðarleg aukning samtala sem tengjast kvíða, en þau voru 2.738 árið 2020 en 1.453 árið á undan sem gerir rúmlega 88% aukningu. Þá varð aukning í sjálfsvígssamtölum milli ára líkt og fyrr á, úr 959 í 1.139 árið 2020. Sú fjölgun þarf ekki að þýða að fleiri séu í sjálfsvígshugleiðingum, heldur að fleiri þekki og leiti til Hjálparsímans. Karlar á aldrinum 19-25 ára voru stærsti hópurinn sem hafði samband vegna sjálfsvígshugsana. Heilt yfir árið höfðu 10.278 konur samband, 8.046 karlar og 6 kynsegin. Kyn var ekki vitað í 4.223 tilfella.

Símtöl og netspjöll



Heildin eru 22.553 samtöl (sum samtöl geta átt við nokkra flokka)

- COVID-19 - **7.057**
- Sálræn vandamál - **10.987***
- Félagleg vandamál - **2.667**
- Heilbrigðisvandamál - **986**
- Ofteldi - **977**
- Neysla/fíkn - **715**
- Spílaþíkn - **39**
- Ýmislegt - **2.036**

* Kökuritið hér til hægri sýnir sundurliðun sálrænna vandamála



*Sálræn vandamál - sundurliðun

- Einmanaleiki - **1.560**
- Kvíði - **2.738**
- Punglyndi - **1.379**
- Geðröskun - **1.169**
- Sjálfsvígshugsanir/áhyggjur af sjálfsvígshæðun annarra - **1.139**
- Áfall - **598**
- Áráttu/þráhyggja - **454**
- Einelti - **305**
- Sjálfskaði - **610**
- Sjálfsmynd - **541**
- Sorg/söknuður - **364**

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu



Svörun á pólsku

Undirbúningur fyrir pólska svörun á Hjálparsímanum hófst í apríl, m.a. með öflun og þjálfun nýrra sjálfboðaliða. Í september fór þjónustan í loftið og fljótt varð ljóst að þörf er fyrir þjónustuna sem er opin á fimmtudögum frá kl. 20-23. Alls bárust 152 samtöl, 112 netspjöll og 40 símtöl. Félagsmálaráðuneytið veitti verkefninu styrk.

Skyndihjálpar

Skyndihjálparmaður ársins

Þann 11. febrúar 2020 útfindi Rauði krossinn Hilmar Elísson skyndihjálparmann ársins 2019 en Hilmar bjargaði manni af botni Lágafellslaugar í Mosfellsbæ. Huginn Hilmarsson, sonur Hilmars, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd föður síns sem var staddur erlendis á 112 deginum.

Vinaverkefni

Vinaverkefni Rauða krossins voru mikilvæg á árinu sem aldrei fyrr. Heimsóknvinir þurftu að draga úr heimsóknum vegna heimsfaraldurs en mörg pör brugðu á það ráð að heyrast í síma eða fara út í göngutúr til þess að virða fjarlægðartakmarkanir. Fjöldi þátttakenda í símavinaverkefninu tífaldaðist á árinu, úr um 10 í 100.

Verkefni sem Rauði krossinn

hætti í á árinu

Karlar í skúrum

Fjórir skúrar voru starfræktir á árinu en urðu sjálfstæðir um áramótin og hefur Rauði krossinn sagt skilið við verkefnið sem Hafnafjarðar- og Garðabæjardeild ýtti úr vör.

Lautin

Rauði krossinn við Eyjafjörð hætti laugardagsopnun í athvarfinu Laut um áramót og lauk þar með 20 ára samfylgd Rauða krossins og Lautarinnar. Er þetta í takt við þá áherslu að sinna málsvarastarfi við jaðarsetta hópa og hefja nauðsynleg verkefni en draga sig síðan út úr þeim.

Konukot

Rauði krossinn í Reykjavík dró sig út úr rekstri Konukots eftir farsæl 16 ár og tók Rótin, félag um konur, áföll og vímuegjafa við rekstrinum. Verkefnið og þjónusta þess óx mikið á síðustu árum auk þess sem skilningur á mikilvægi skaðaminnkunar með mannúð að leiðarljósi er sífellt að aukast.

Krakkánám

Námsaðstoð fyrir börn af erlendum uppruna hafði verið starfrækt í vel yfir áratug á höfuðborgarsvæðinu og í samstarfi við Borgarbókasafnið frá árinu 2009. Verkefnið stöðvaðist þegar skammt var liðið á árið vegna samkomutakmarkana og í lok árs var ákveðið að Rauði krossinn myndi draga sig úr verkefninu vegna tekjufalls Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Skaðaminnkun

Frú Ragnheiður

Miklar áskoranir voru í þjónustu Frú Ragnheiðar á árinu líkt og í öðrum verkefnum. Mikilvægt var að halda úti óskertri þjónustu, viðhalda gæðum hennar og missa ekki nálægð við notendur. Upplýsingagjöf á tímum heimsfaraldurs er afskaplega mikilvæg, m.a. um hvernig viðhalda skuli hreinlæti í skertu aðgengi og koma auðskiljanlegum en mikilvægum skilaboðum á framfæri.

Undirbúningur skaðaminnkunarverkefnis á Suðurnesjum hófst í janúar. Fyrsta vaktin fór þó ekki fyrr en í júní og spilaði COVID-19 þar inn í. Alls heimsóttu 17 einstaklingar Frú Ragnheiði á Suðurnesjum á árinu.

Söfnun fyrir nýjum bíl

Í október leitaði Rauði krossinn til almennings til að safna fyrir nýjum bíl á höfuðborgarsvæðinu en sá eldri, sem hafði þjónustað verkefnið vel, var kominn til ára sinna. Alls söfnuðust rúmlega 11 milljónir króna á viku sem má teljast virkilega vel gert og nú þegar er búið að festa kaup á nýjum bíl sem verður sérinnréttaður fyrir verkefnið.

Ýmsir sjóðir

Tómstundasjóði flóttafólks er ætlað að styðja börn flóttafólks búsett hér á landi til að stunda hverskyns tómstundir. Á árinu 2020 fengu 35 börn styrki til að stunda tónlistarnám, fjölbreyttar íþróttir og aðrar tómstundir. Heildarfrjárhæð styrkveitinga nam 912 þúsund krónum.

Á höfuðborgarsvæðinu var starfræktur Áfallasjóður líkt og fyrri ár. Fullnægjandi umsóknir bárust frá 118 einstaklingum og fjölskyldum en 84 umsóknir voru samþykktar og var alls tæplega 12 milljónum króna úthlutað. Þá hafa deildir víðsvegar um landið úthlutað styrkjum fyrir jólin, oft í samstarfi við önnur samtök og veitt neyðarstyrki þegar þörf hefur krafist.

Á árinu tók aðalfundur Rauða krossins ákvörðun um að leggja niður Sárafatæktarsjóð sem settur hafði verið á laggjarnar árið 2019. Úthlutanir sjóðsins voru um 1000 talsins og náðu til um 700 barna.

Frú Ragnheiður

Fjöldi	Höfuðborgarsvæðið		Akureyri		Suðurnes
	2020	2019	2020	2019	2020 (frá 4. júní)
Skjólstaðingar	596	514	16	15	17
Heimsóknir	4.407	4.149	241	95	138
Sjálfboðaliðar	120	93	26	20	16

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**

Farendur

Stuðningur við flóttafólk og innflytjendur

Á árinu 2020 settist alls 631 einstaklingur frá 32 löndum að hér á landi eftir að hafa fengið alþjóðlega vernd, dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða sameinast fjölskyldu sinni. Ekkert kvótaflóttafólk komst til landsins á árinu vegna COVID-19 en áætlað var að 100 einstaklingar kæmu þannig eftir öruggum leiðum í boði stjórnvalda. Það verða Afganar sem flúið hafa til Íran, Sýr- lendingar sem flúið hafa til Líbanon og fólk í viðkvæmri stöðu frá nokkrum Afríkurlkjum sem kemur frá Kenía. Að auki er áætlað að hópur Sýr- lendinga komi frá Grikklandi vegna bágra aðstæðna umsækjenda um vernd þar.

Alls fengu 40 einstaklingar vernd í gegnum fjölskyldusameiningarferli eða um 6% af heildarfjölda. Afdrif og öryggi fjölskyldumeðlima sem verða eftir í óruggum aðstæðum veldur fólk hvað mestum áhyggjum og hefur afgerandi áhrif á líðan þeirra sem setjast að í nýju landi. Rauði krossinn veitir fólk ráðgjöf varðandi um- sóknir um fjölskyldusameiningar. Alls leituðu 76 einstaklingar og fjölskyldur eftir slíkri ráðgjöf á síðasta ári. Sú vinna fór fram í samvinnu við ýmis erlend og innlend samtök og stofnanir, þar á meðal Útlend- ingastofnun sem tekur ákvörðun um hvort heimild til fjölskyldusameiningar sé veitt eða ekki.

Flóttafólk og innflytjendur sem leita eftir þjónustu Rauða krossins eru flest á aldrinum 25-45 ára, 60% karlar og 40% konur. Stærstur hluti flóttafólks er á höfuðborgarsvæðinu eða um 75%, þar á eftir er Reykjanesbær með um 18%. Langflestir nýta sér þjónustu Rauða krossins fyrsta árið í nýjum heimkynnum en þó eru alltaf einhverjir sem þurfa lengri stuðning, s.s. vegna viðkvæmrar stöðu, langrar áfallasögu og fjölskyldusam- eininga. Þá eykst þátttaka flóttafólks í fjölbreyttum verkefnum Rauða krossins hér á landi ár frá ári og verður áfram unnið að eflingu þess.



Rauði krossinn kemur að ýmsum verkefnum fyrir fólk af erlendum uppruna, til dæmis verkefnumum Æfingin skapar meistarann og Tölum saman.

Vegna mikillar fjölgunar flóttafólks og erfiðleika við að halda uppi fullri þjónustu vegna COVID-19 myndaðist biðlisti í árslok eftir sjálfbóðaliðum í leiðsögumanna- verkefni Rauða krossins og íslensku- félagaverkefninu Tölum saman en meginstuðningur félagsins felst í þeim verkefnum. Alls sinntu 234 sjálfbóðaliðar mikilsverðri leiðsögn til flóttafólks, félags- legum stuðningi, ráðgjöf um samfélag og menningu og íslenskuþjálfun víðs vegar um landið á árinu. Flóttafólk nýtur einnig góðs af fatasöfnun Rauða krossins um allt land, tómstundasjóði flóttabarna og annarri aðstoð. Auk þessa eru önnur verkefni með fólk af erlendum uppruna víða um land.

Samræmt móttökufarli hefur verið í undirbúningi á vegum stjórnvalda fyrir allt flóttafólk sem fær hér vernd eða dvalar- leyfi. Ráðgert er að það fyrirkomulag komist á í byrjun árs 2021. Aðkoma Rauða krossins er til umræðu en félagið mun vinna enn frekar að því að efla sálrænan stuðning fyrir þau sem hingað leita og eiga að baki langa og erfiða flótta- og/eða áfallasögu. Rauði krossinn fékk hingað palestínska sérfræðinga í afleiðingum áfalla og sálrænum stuðningi árið 2019 sem héldu námskeið fyrir flóttafólkið sjálft, sjálfbóðaliða og starfs- menn Rauða krossins sem og starfsfólk stofnana og sveitarfélaga sem þjónusta flóttafólk. Ekki var mögulegt að endurtaka það á árinu en gerð var tilraun með sálfræðivíðtöl í gegnum fjarfundarbúnað sem gafst vel.

Starf með fólk af erlendum uppruna

Opið hús fyrir flóttafólk og innflytjendur var starfrækt bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þar sem í boði er stuð- ningur við að leysa úr ýmsum hagnýtum málum. Annars staðar er veitt almenn ráðgjöf eftir þörfum og fjölmennings- samsæti haldin víða.

Æfingin skapar meistarann er samstarfs- verkefni með Mími-símenntun á höfuðborgarsvæðinu og er ætlað að aðstoða fólk við þjálfun í íslensku en sambærilegt verkefni er einnig starfrækt á Akureyri auk verkefnisins *Tölum saman* á Ísafirði.

Brjótum ísinn bjóðum heim er lítið og fallegt verkefni sem er ætlað að tengja íslenskar fjölskyldur við innflytjendur með því að bjóða hvert öðru í mat. Alls voru haldin 32 matarboð á árinu.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Rauði krossinn hefur sinnt talsmanna- þjónustu, félagslegu hjálparstarfi og félagsstarfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd frá 2014 samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið. Reynsla Rauða krossins af starfi með umsækjendum um alþjóðlega vernd er þó þriggja áratuga löng. Rauði krossinn og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gerðu með sér samstarfs- samning árið 2001 sem byggir á nánu samstarfi, samvinnu og virku upplýsingaflæði.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Á árinu 2020 bárust 654 umsóknir sem er fækkun um tæpan fjórðung á milli ára. Hlutfallslega fleiri fengu alþjóðlega vernd á Íslandi en áður eða 528 einstaklingar. Auk þess fengu 63 einstaklingar vernd eftir úrskurð kærufndar útlendingamála og 40 var veitt dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameininga. Skýrist hærra hlutfall verndarveitinga aðallega af fjölda umsókna frá ríkis-borgurum Venesúela (130) líkt og árið 2019 en auk þeirra voru það einstaklingar frá Írak (100), Sírlandi (58), Nígeríu (44) og Sómalíu (39) auk annarra þjóðerna sem fengu alþjóðlega vernd á Íslandi. Jákvætt er að á sama tíma og hlutfallslega fleiri umsækjendur fá alþjóðlega vernd á Íslandi hefur heildarmálsmeðferðartími hjá Útlendingastofnun farið úr 144 dögum árið 2019 í 130 daga á árinu 2020.

Reynsla Rauða krossins af talsmannabjónustu og annarri aðstoð og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er jákvæð og telur félagið sig halda uppi afar öflugu og vönduðu starfi í þágu umsækjenda sem jafnframt stuðlar að vandvirkni, skilvirkni og bættri málsmeðferð hverrar umsóknar.

Talsmenn Rauða krossins sem sinna réttaraðstoð eru lögfræðingar með þekkingu á málum er lúta að alþjóðlegri vernd og flóttafólki. Í réttaraðstoð og talsmannabjónustu felst m.a. að veita hlutlausar og óhlutrægar upplýsingar

og leiðbeiningar til umsækjenda. Þá er almennri upplýsingagjöf sinnt í opnum viðtalstímum sem á árinu 2020 voru 109.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti þessari þjónustu takmörk á árinu en með mikilli elju starfsfólks og góðu samstarfi við umsækjendur tókst að tryggja aðgengi að þjónustunni allt árið þar sem farið var eftir tilmælum sóttvarnaryfirvalda í hvívetna. Þá var símaráðgjöf aukin og skjólstæðingum gefinn kostur á að leysa erindi í síma sem annars hefði verið sinnt í opnum viðtalstímum.

Öflugt félagsstarf í skugga heimsfaraldurs

Rauði krossinn heldur úti fjölbreyttu og umfangsmiklu félagsstarfi sem öllum umsækjendum um alþjóðlega vernd stendur til boða að sækja. Markmið félagsstarfsins er að draga úr félagslegri einangrun umsækjenda og ýta undir virkni þeirra meðan á umsóknarferlinu stendur. COVID-19 hafði mikil áhrif á alla framkvæmd félagsstarfsins, sem dæmi má nefna að ekki var hægt að halda úti vikulegum viðburðum sem 50-100 einstaklingar sækja í venjulegu árferði.

Fjöldi viðburða á árinu 2020 var 301 eða að meðaltali 25 á mánuði. Samtals skráðar komur á alla viðburði voru 2.322 samanborið við yfir 9.000 árið 2019. Mætingar sjálfboðaliða í félagsstarfinu voru 659 og unnar klukkustundir 1.350.


Mætingar umsækjenda um alþjóðlega vernd sem tóku þátt í framkvæmd verkefnisins voru 52.

Heilbrigðisþjónusta í heimsfaraldri

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru margir í þörf fyrir heilbrigðisþjónustu við komuna til landsins, t.d. vegna sjúkdóma, ómeðhöndlaðra heilsufarskvilla eða áverka, en aðgengi að heilbrigðisþjónustu var áskorun á árinu 2020. Um tíma var öll almenn heilsugæsla rekin í gegnum símaþjónustu sem reyndist umsækjendum um alþjóðlega vernd erfitt vegna tungumála-örðugleika. Með virku samtali á milli fulltrúa Rauða krossins, stjórnvalda og heilbrigðisstofnana tókst að sníða ákveðna hnökra af þeirri þjónustu sem þó var í boði, s.s. með aðstoð túlka. Í ástandi eins og skapaðist var mikilvægt að byggja undir virkt samtal og lausnamiðaða hugsun þar sem mikið álag var á heilbrigðiskerfið en þarfir skjólstæðingahópsins fyrir heilbrigðisþjónustu um leið miklar.

Mikilvægi þess að fólk þekkti og stundaði persónubundnar sótt- og smitvarnir varð mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Á því sviði lagði Rauði krossinn áherslu á að veita fólk einfaldar, öruggar og tímanlegar upplýsingar svo það gæti sjálft tekið upplýstar ákvarðanir um eigin heilsu. Í upphafi faraldursins vann Rauði krossinn fræðslumyndbönd um sóttvarnir á sex tungumálum sem má sjá á [virtualvolunteer.org](https://www.redcross.is/virtualvolunteer.org)

Fjöldi umsækjenda og málsmeðferðartími á milli ára



Fataúthlutun

Rauði krossinn afhendir umsækjendum um alþjóðlega vernd fatakort sem nýta má í verslunum Rauða krossins án endurgjalds samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið. Alls fengu 924 umsækjendur fataaðstoð á árinu 2020.

Sálrænn stuðningur og áfallahjálpi til umsækjenda um alþjóðlega vernd

Á árinu mátti merkja aukna vanlíðan í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd. Mörg alvarleg mál komu upp og mikið rætt við einstaklinga í slæmu andlegu ástandi og brugðist við eftir atvikum. Fleiri en áður tjáðu alvarleg einkenni á við depurð og kvíða og fundu fyrir

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Raddir samfélagsins: Upplifun skjólstæðinga af þjónustu Rauða krossins

Þjónusta Rauða krossins er metin reglulega af skjólstæðingum í þeim tilgangi að bæta hana.

Viðmið	Hlutfall (%)	Upplifun
Virðing	85,5%	Segjast upplifa að komið sé fram við sig af virðingu
Aðgengi	83,18%	Segja að aðgengi að þjónustu og viðburðum Rauða krossins sé gott
Þátttaka	76,64%	Segjast eiga auðvelt með að koma með uppástungur hvað varðar félagsstarf Rauða krossins
	48,6%	Segja að tekið sé mark á tillögum þeirra og uppástungum varðandi þjónustuna
	34,58%	Segja að aðeins stundum eða aldrei sé tekið mark á uppástungum þeirra varðandi þjónustuna
	86,92%	Vilja sjá frekari tækifæri til að starfa sem sjálfbóðaliðar fyrir Rauða krossinn
Öryggi	100%	Segjast upplifa sig örugga í viðtölum og viðburðum hjá Rauða krossinum

Úr könnun á upplifun skjólstæðinga af þjónustu Rauða krossins sem gerð var í apríl 2020.

vonleysi og örvæntingu. Má það m.a. rekja til aukins fjölda einstaklinga sem koma frá stríðshráðum löndum, margir umsækjenda hafa verið lengi á flóttu auk þess sem margir hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum á flóttaleiðinni.

Alþjóðleg leitarþjónusta og fjölskyldusameiningar

Þegar fólk leggur á flóttu frá heimalandi til öruggari staða, t.d. vegna átaka eða náttúruhamfara, getur það orðið viðskila.

Einstaklingar sem hafa misst samband við fjölskyldur sínar eða vilja vita hvað varð um nána ættingja sem er saknað geta leitað til leitarþjónustu Rauða krossins. Leitarþjónustan fer fram í samvinnu við alþjóðlega leitarþjónustu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Á árinu 2020 sendi leitarþjónusta Rauða krossins út leitarbeiðnir varðandi 19 einstaklinga en mun fleiri spyrja fyrir um þjónustuna og kanna möguleika á að nýta sér hana.

Að ofan hefur verið fjallað um aðstoð Rauða krossins við fólk með alþjóðlega vernd á Íslandi sem átti rétt á að fá til sín nákomna ættingja við öflun upplýsinga og umsóknarferli.

Mannvinnir og aðrar fjáraflanir

Mikil áhersla var á fjáröflun hjá félaginu á árinu líkt og fyrri ár. Mánaðarlegir styrktar- aðilar, Mannvinnir Rauða krossins, gera félaginu kleift að sinna verkefnum bæði innanlands og utan og áfram var unnið með öflun Mannvina. Í lok árs höfðu framlög frá Mannvinum Rauða krossins aukist um 5% milli ára.

Framlög frá almenningi og fyrirtækjum nær tvöfölduðust milli ára sem var afskaplega ánægjulegt í ljósi heimsfaraldursins. Aukningin skýrist einkum af ríflegum framlögum frá ýmsum fyrirtækjum, þ.m.t. Marel. Önnur fyrirtæki sem studdu myndarlega við verkefni félagsins voru til dæmis CCEP (Coca Cola European Partners) og alþjóðlegur sjóður Coca Cola (The Coca Cola Foundation Disaster Relief), Beiersdorf AG (NIVEA), Sjóvá, CCP, Íslandsbanki og Facebook.

Líkt og fyrri ár voru jólamerkimiðar Rauða krossins gefnir út og dreift á heimili í fjáröflunarskyni en í ár var leitað eftir myndum til barna á aldrinum 6-11 ára sem héldu tombólur til styrktar Rauða krossinum á árinu. Allar myndirnar sem bárust voru að auki birtar á vefsíðu Rauða krossins.

Neyðarsöfnun

Ein neyðarsöfnun var haldin á árinu 2020 og var hún vegna hamfara-sprengingar í Beirút. Alls söfnuðust rúmlega 16 milljónir króna sem fór beint til verkefna Rauða krossins í Líbanon sem vinnur að nauðsynlegu uppbyggingarstarfi í kjölfar sprenginganna. Þá lauk í byrjun árs neyðarsöfnun vegna mikilla þurrka í Namibíu en söfnunin hófst í desember 2019.

Sjálfbærnisjóður Rauða krossins

Undirbúningur að Sjálfbærnisjóði Rauða krossins hófst á árinu. Sjálfbærnisjóður Rauða krossins styður við sjálfbærni-verkefni á alþjóðavettvangi og Íslandi sem eiga það sameiginlegt að hafa jákvæð áhrif á umhverfismál, samfélög, mannréttindi og styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sjálfbærnisjóðurinn leiðir saman fyrirtæki, stjórnmöld og Rauða kross hreyfinguna. Sjóðurinn nýtist hvort sem er stórum, smærri eða meðal stórum fyrirtækjum til að móta sér stefnu og styrkja verkefni er stuðla að sjálfbærni. Umgjörð sjóðsins gerir fyrirtækjum kleift að fylgjast með því hvernig starfsemi þeirra hefur áhrif á sett markmið.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á raudikrossinn.is/sjalfbaernisjodur

Fataverkefni

Líkt og fyrri ár er fótum safnað í gáma Rauða krossins um allt land sem og á endurvinnslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Sorpu. Rauði krossinn nýtur stuðnings Eimskips í fataverkefninu bæði varðandi flutning innanlands sem utan. Áskoranir voru í sölu og opnun verslana vegna heimsfaraldursins en áfram haldið með sölu á fatnaði og fleiru á versla.raudikrossinn.is

Rauði krossinn rekur 13 verslanir, þar af fimm á höfuðborgarsvæðinu og sendir árlega að öllu jöfnu um 3.000 tonn af fatnaði til endurvinnsluáðila erlendis, að stærstum hluta til Þýskalands. Á ári hverju stendur Rauði krossinn fyrir fjölda fatamarkaða um land allt sem ávallt njóta mikilla vinsælda. Sem fyrr voru föt fyrir

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**



tugi milljóna gefin þeim sem á þurfa að halda í formi fatakorta.

Fataverkefni Rauða krossins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og almenningur hélt áfram að styðja við verkefnið á árinu með því að gefa fót og versla í búðum félagsins. Sjálfboðaliðar standa vaktina í búðum og sjá að stórum hluta um fataflokkun viðsvegar um land.

Á árinu 2020 hafði heimsfaraldur kórónaveiru umtalsverð áhrif á rekstur verkefnisins. Sóttvarnareglur settu starfsemi flokkunarstöðvar skorður og magn útflutnings dróst saman á árinu auk þess sem útflutningsverð lækkaði. Þá voru fataverslanir Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu lokaðar í samtals 180 daga og viðskiptavinum fækkaði vegna færri ferðamanna. Þessu fann Rauði krossinn sannarlega fyrir en leggur

áfram þunga áherslu á mikilvægi verkefnisins, bæði fyrir umhverfið og mannúðarstarf félagsins en allur hagnaður verkefnisins rennur að fullu til mannúðarmála.



Endurnýtt líf

[Annað tölublað tímaritsins Endurnýtt líf](#) kom út í september þar sem m.a. voru viðtöl við dygga viðskiptavini um bestu kaupin sín, Darren Mark fatahönnuð og Helgu Björgu frumkvöðul og umhverfisaktivista auk ljósmyndapáttá í samstarfi við Ljósmyndaskólann.

Myndir úr starfi Rauða krossins



COVID-19 faraldurinn hafði veruleg áhrif á fjármál og verkefni Rauða krossins á árinu. Af verkefnum tengdum faraldrinum má nefna mönnun samhæfingarstöðvar, umsjón farsóttarhúsa og upplýsingamiðlun.



Eftir farsæl 16 ár dró Rauði krossinn í Reykjavík sig út úr rekstri Konukots. Róttin, félag um konur, áföll og vímuegja tók við rekstrinum.



Neyðarvarnir hafa sjaldan verið jafn viðamiklar líkt og árið 2020. Rauði krossinn opnaði margar fjölda hjálparstöðvar á árinu, meðal annars vegna ofankomu og aurskríða.



Rauði krossinn tók á móti 25 nýjum sjúkrafreiðum á árinu. Nýtt útlit vakti töluverða athygli en bílarnir eru gulir á lit með svokölluðu Battenburg mynstri sem gerir þá sýnilegri í umferðinni.

Myndir úr starfi Rauða krossins



Rétt fyrir jólféll féll stór aurskiða á Seyðisfjörð og þurfti að rýma allt bæjarfélagið. Sjálfboðaliðar Rauða krossins opnuðu fjöldahjálparstöðvar og veittu sálrænan stuðning.



Víðbragðshópur Rauða krossins var kallaður út til að veita þolendum stuðning vegna frystihússbruna í Hrísrey í maí 2020.



Leiðir til að huga að eldra fólki í kringum þig  Rauði krossinn

HJÁLPARHÖND

Vertu í sambandi við aldraða ættingja, vini og nágretta.
Margt eldra fólk á gott með bjargir en sumir gætu verið áhyggjufullir, óruggir eða einmana - hugum sérstaklega að þeim ef svo er.



Athugaðu hvort þau þurfi aðstoð með eitthvað eins og matarinnkaup



Mæltu með að þau haldi sig frá fjölförnum stöðum og fylgi leiðbeiningum



Gættu að hvort birgðir séu nægar hjá þeim af nauðsynlegum lyfjum

Í upphafi árs féll snjóflóð á Flateyri og flóðbylgja skall á Suðureyri í kjölfar snjóflóðs. Það var mildi að ekki varð mannskaði en mörg áttu um sárt að binda þegar snjóflóðið fyrir 25 árum rifjaðist upp.

Myndir úr starfi Rauða krossins



Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi fór fram 23. maí 2020 en vegna faraldursins fór fundurinn fram á nokkrum stöðum.

Styðjum hvert annað  Rauði krossinn

-  **Verndaðu þig og aðra með því að fylgja leiðbeiningum heilbrigðisyfirvalda**
-  **Reyndu að hvetja fólk í kringum þig sem sýna einkenni til að halda sig heima og láta skima fyrir virusnum**
-  **Von, hjálpssemi og umhyggja byggja upp þrautseigju hjá börnum og fjölskyldum**
-  **Gerum okkar til koma í veg fyrir stimplun, og fordóma. Látum þennan faraldur ekki sundra heldur draga fram samkennd og virðingu**
-  **Sýndu sjálfum þér og öðrum umbráðarlyndi, það koma krefjandi dagar inn á milli. Deildu hugsunum þínum og áhyggjum með þeim sem þú treystir**

Bjargráð á streituvaldandi tímum  Rauði krossinn

-  **Það er eðlilegt að finna fyrir áhyggjum og kvíða þegar óvissa er framundan. Að vera í samskiptum við vini og fjölskyldu getur hjálpað.**
-  **Forðastu að taka mark á falsfréttum.** Vertu upplýstur og fylgdu leiðbeiningum stjórnvalda s.s. á vefsíðum Landlæknis og Almennavarna.
-  **Til að draga úr áhyggjum,** reyndu að takmarka tímann sem þú verð í að lesa um COVID-19. Það getur auklið á áhyggjumnar að vera stöðugt að hugsa um ímynduð og raunveruleg áhrif og afleiðingar. Settu þér þín eign mörk varðandi upplýsingaöflun.
-  **Notaðu streitulosandi aðferðir** sem óður hafa gagnast þér, t.d. hreyfing, göngutúr, tónlist og slökunaræfingar til þess að minnka streitu.
-  **Ef þú þarft að vera heima,** þú er heilbrigður lífsstíll og rutína það sem þú þarft að hafa í huga. Það getur verið léttir að hafa ákveðin verkefni sem þú ætlar að gera á hverjum degi og vera í tengslum við vini og ættingja.
-  **Notum jákvæð bjargráð.** Einmanaleiki og einræðisleg getur hellið yfir þegar um söttki eða einangrun er að ræða, sem getur kallað á depurð. Það getur leitt til þess að fólk freistist til að nota áfengi og aðra vímuefni sem síðan getur gert ástandið einn verra. Forðastu að nota áfengi og örnur vímuefni til að deyla tilfinningar.

 Source: WHO

Alþjóðlegt hjálparstarf

Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020



Í alþjóðlegu hjálparstarfi leggur Rauði krossinn áherslu á valdeflingu kvenna og stúlkna og styður við uppbyggingu staðbundinnar þekkingar. Áherslusvæði félagsins eru Afríka sunnan Sahara og Mið-austurlönd.

Alþjóðlegt hjálparstarf 2020

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem telur 192 landsfélög en á vettvangi er starfið borið uppi af samanlagt 14 milljónum sjálfbóðaliða. Rauði krossinn á Íslandi veitir annars vegar mannúðaraðstoð til þolenda vopnaðra átaka og náttúruhamfara og tekur hins vegar þátt í þróunarsamvinnu vegna fátæktar og ójafnaðar í fátækustu ríkjum heims. Þróunarsamvinna á sér einnig stað á stríðshrjáðum svæðum og hamfarasvæðum en snýr þá að uppbyggingu innviða til lengri tíma fremur en að vera tímabundin lausn við bráðri neyð.

Aðgengi Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans að þolendum vopnaðra átaka, hamfara, fátæktar og fólki á flóttu er einstakt á heimsvísu. Víða er alþjóðahreyfingin ein fárra eða jafnvel einu alþjóðlegu samtökin sem geta veitt lífsbjargandi aðstoð til þolenda. Vegna þessa einstaka aðgengis, sem byggir meðal annars á hlutverki Rauða krossins samkvæmt Genfarsamningunum frá 1949 og grunngilda sem byggja á mannúð, sjálfstæði, óhlutdrægni og hlutleysi, hafa til að mynda stofnanir Sameinuðu þjóðanna oft á tíðum leitað til landsfélaga hreyfingarinnar um innleiðingu verkefna og dreifingar hjálpargagna á vettvangi.

Enda þótt landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans gegni stoðhlutverki við eigin stjórnvöld þá nýtur hreyfingin alla jafna trausts allra stríðandi fylkinga á vettvangi vopnaðra átaka og getur því starfað beggja vegna víglínu að mannúðar- og hjálparstarfi.

Rauði krossinn á Íslandi leggur sérstaka áherslu á að mæta þörfum berskjaldaðra kvenna og stúlkna og berst fyrir auknu jafnrétti kynjanna og gegn hvers kyns kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Sérstaða Rauða krossins og Rauða hálfmánans er að sjálfbóðaliðar og starfsfólk er heimafólk sem veitir jafnan fyrstu aðstoð í kjölfar áfalla, hamfara og átaka. Heimafólk var á svæðinu áður en þörf var á utanaðkomandi aðstoð og verður þar áfram en allt starf félagsins byggir á valdeflingu heimafólks. Þannig stuðlar félagið að skilvirkni og sjálfbærni verkefna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í heiminum. Sjálfbærni er því lykillhugtak í verkefnum Rauða krossins og aukin áhersla á grænar lausnir, til viðbótar við fyrri áherslu um jákvæð félagsleg og efnahagsleg áhrif verkefna með skýra tengingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, veitir Rauða krossinum sérstöðu að því leyti að hjálparstarfið er borið uppi af sjálfbóðaliðum í heimabyggð sem þekka sitt nærumhverfi en njóta alþjóðlegrar að-

stoðar við skipulagningu verkefna þegar þörf krefur.

Hvort sem um ræðir mannúðaraðstoð eða þróunarsamvinnu er það ávallt forsenda alþjóðastarfs Rauða krossins að veittur stuðningur taki mið af mismunandi og fjölbreyttum þörfum fólks á vettvangi. Þess vegna er höfuðáhersla lögð á samstarf og samvinnu við heimafólkið á öllum sviðum verkefna og fólki sem verkefnum er ætlað að þjónusta þannig gefin full aðild að mótun, framkvæmd og eftirliti verkefnanna.

Aukið samstarf við stjórnvöld og atvinnulíf

Á undanförunum árum hefur Rauði krossinn á Íslandi í auknum mæli notið stuðnings fyrirtækja sem kjósa að veita fjárstuðning til verkefna sem meðal annars samræmast þeirra eigin stefnu um samfélagslega ábyrgð og/eða stuðla að uppbyggingu tiltekinna heimsmarkmiða sem fyrirtækin hafa tilgreint í sínu starfi. Á árinu 2020 nam stærsta einstaka framlag fyrirtækis einni milljón evra, eða rúmum 160 milljónum íslenskra króna, og kom frá Marel. Fjármagninu var varið í að fæða og bæta fæðuöryggi hundruð þúsunda í Suður-Súdan þar sem vopnuð átök hafa hrjád landsmenn undanfarin ár. Auk þess styður Marel þróunarsamvinnuverkefni Rauða krossins í Malaví þar sem um 150 þúsund íbúum er tryggt aukið aðgengi að hreinu drykkjarvatni og hreinlæti.

Þá hefur samstarf Rauða krossins við utanríkisráðuneytið vaxið og dafnað á undanförunum árum, sér í lagi eftir að rammasamningur um mannúðaraðstoð, sem veitir Rauða krossinum óeyrnamerkt fé til mannúðarverkefna með áherslu á lágtekjuríki í Afríku og á Miðausturlöndum, var undirritaður á árinu 2018. Á árinu 2020 fékk ráðuneytið óháðan erlendan úttektaraðila til að gera úttekt á framkvæmd rammasamningsins. Í skýrslu sem var birt í mars 2021 kom fram að reynslan af rammasamningnum hafi verið góð og hafi meðal annars dregið verulega úr umsýslu, aukið sveigjanleika, bætt viðbragðsflýti og styrkt Rauða krossinn á Íslandi sem félag.

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020

Framlög frá utanríkisráðuneytinu til Rauða krossins 2020




- Mannúðaraðstoð 62%
- Þróunarsamvinna 38%

Á árinu 2020 veitti utanríkisráðuneytið Rauða krossinum styrk til tveggja verkefna, báðar styrkveitingar eru til fjögurra ára. Ráðuneytið veitti annars vegar styrk að upphæð 142.840.000 kr. vegna fyrsta fasa verkefnis til að auka viðnámsþrótt nærsamfélaga í Malaví og hins vegar styrk að upphæð 85.741.765 kr. til að aðstoða afrísk landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans að byggja upp og þróa tæknibúnað og samskiptatækni til að geta betur tryggt vandað og skilvirkt hjálparstarf á vettvangi. Báðir styrkirnir eru til fjögurra ára.

Alþjóðleg mannúðarlög

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans vinnur ötulllega að því að auka þekkingu á Genfarsamningunum, sem eru þau lög sem gilda meðal yfirvalda, hermanna, uppreisnarmanna og annarra bardagamanna á átaksvæðum. Þar er lögð sérstök áhersla á vernd almennra borgara og annarra sem ekki taka þátt í átökum sem og bann við kynferðislegu ofbeldi. Hreyfingin sinnir útbreiðslu mannúðarlaganna á öllum svæðum átaka um heim allan, sérstaklega í þeim tilgangi að minna aðila átaka á skyldu þeirra, samkvæmt mannúðarlögum, til að vernda almenna borgara. Hluta þess fjármagns sem Rauði krossinn á Íslandi, meðal annars með stuðningi utanríkisráðuneytisins, hefur veitt í mannúðarverkefni alþjóðahreyfingarinnar í Sýrlandi hefur einmitt verið ráðstafað í verkefni er lúta að því að breiða út

Framlög í íslenskum krónum til alþjóðlegs hjálparstarfs árin 1999-2020



þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum til að koma í veg fyrir brot gegn almennum borgurum.

Landsnefnd um mannúðarrétt

Rauði krossinn á Íslandi á fulltrúa í landsnefnd um mannúðarrétt sem hefur verið starfrækt frá árinu 2008, en nefndina skipa einnig fulltrúar fjögurra ráðuneyta. Hlutverk nefndarinnar er að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum, vera vettvangur umræðna um alþjóðleg mannúðarlög og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd laganna. Landsnefnd um mannúðarrétt vann að fjórum heitum sem voru undirrituð af Rauða krossinum og fulltrúum íslenskra stjórnvalda í Genf á ríkjaráðstefnu Rauða krossins. Ráðstefnan er haldin á fjögurra ára fresti og hana sækja fulltrúar 192 landsfélaga hreyfingarinnar, aðildarríki Genfarsamningana auk fulltrúa frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráði Rauða krossins. Heitin sem undirrituð voru miða að aðgerðum gegn kynferðislegu ofbeldi á átaksvæðum, aukinni virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, samstarfi og viðbragðsgetu á norðurslóðum og aðgerðum vegna mansals en nefndin mun hafa yfirsýn og sjá um eftirfylgni með framkvæmd þeirra verkefna sem heitin ná yfir. Nefndin vinnur einnig að því að kanna stöðu alþjóðlegra samninga á sviði mannúðarréttar gagnvart Íslandi og þá sérstaklega þá samninga sem gætu þarfnast athugunar í tengslum við ofangreind heiti.

Áherslusvæði og verkefni

Áherslusvæði Rauða krossins á Íslandi eru Afríka sunnan Sahara og Mið-austurlönd. Rauði krossinn leggur áherslu á valdeflingu kvenna og stúlkna í alþjóðlegu hjálparstarfi sínu og að styðja við og byggja upp staðbundna þekkingu sem aftur eykur bæði þrótt og viðnámsþol heimafélks.

Heimfaraldur COVID-19

Á árinu 2020 urðu nær öll alþjóðleg verkefni Rauða krossins fyrir áhrifum af heimfaraldri COVID-19. Þrátt fyrir áherslu á órofnu starfsemi hafði faraldurinn óneitanlega áhrif, einkum á þau verkefni sem þegar voru í gangi og kröfðust uppstokkunar til að taka mið af þróun faraldursins. Verkbáttum var meðal annars breytt með það í huga að sporna gegn útbreiðslu faraldursins með fræðslu, varnaráttum og aukinni áherslu á hreinlæti. Þá studdi Rauði krossinn nokkur verkefni sem beinlínis lútu að því að hefta útbreiðslu og auka smitvarnir. Stærsta slíka framlagið var veitt til neyðarákalls Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem nýttist í Mið-austurlöndum og í Sambíu í Afríku en auk þess voru sértæk COVID-19 verkefni starfrækt í Úganda, Malaví og Sómalíu. Þá störfuðu nokkrir sendifulltrúar fyrir Alþjóðahreyfinguna vegna COVID-19.

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020

Miðausturlönd

Átökin í Sýrlandi kölluðu enn á aðkomu Rauða krossins á Íslandi með mann-úðaraðstoð til þolenda átakanna þar í landi með aðstoð utanríkisráðuneytisins. Sem fyrr var áhersla lögð á lífsbjargandi heilbrigðisaðstoð til handa flóttafólki innan landamæra Sýrlands, styrkingu innviða og baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi. Sérstök áhersla var lögð á aðstoð við flóttafólk í norðurhéraðum landsins. Á árinu 2020 starfaði einn íslenskur sendifulltrúi á neyðarsjúkrahúsi Alþjóðaráðs Rauða krossins í Al Hol búðunum samanborið við sex á árinu 2019 en stór hluti flóttafólks í búðunum eru konur og börn.

Mannskæð sprenging varð í höfninni í Beirút þann 4. ágúst 2020 sem olli gríðarlegri eyðileggingu og um 200 létust, 6.000 slösuðust og um 300.000 misstu heimili sín. Rauði krossinn hóf [söfnun](#) til að koma þolendum til aðstoðar og söfnuðust rúmlega 16 milljónir króna. Fjármunirnir runnu til Rauða krossins í Líbanon sem sinnti meðal annars fjárhagslegri aðstoð til íbúa og gjaldfrjálsri heilbrigðisaðstoð auk þess að sporna gegn útbreiðslu COVID-19.

Í Palestínu var unnið að því að styrkja viðnámsþrótt berskjaldaðra samfélaga sem búa við hernám og skapa umhverfi sem veitir íbúum auknið öryggi. Áhersla var lögð á að veita mæðrum og börnum sálrænan stuðning og valdefla ungmenni til málsvarastarfs. COVID-19 heimsfaraldurinn jók flækjustig aðgerða sem að miklu leyti felast í því að veita jafningja-stuðning, þjálfun og ráðgjöf í hópum.

Afríka

Með fjárstuðningi frá Marel var Rauða krossinum kleift að auka fæðuöryggi viðkvæmra samfélaga í Suður-Súdan sem hafa búið við vopnuð átök um árabil. Suður-Súdan er eitt af fátækustu ríkjum heims en þar búa yfir 11 milljónir. Um það bil helmingur íbúa landsins býr við alvarlegan matvæskort og er því hætt við vannæringu en talið er að innan landsins séu um 1,6 milljón einstaklinga á vergangi.



Í yfir 40 ár hefur Alþjóðaráð Rauða krossins sinnt umfangsmiklu mannúðarstarfi á landsvæðinu sem nú telur Suður-Súdan frá því áður en landið varð sjálfstætt ríki. Undanfarin ár hefur ástandið í Suður-Súdan versnað en auk átaka hafa loftslagsbreytingar mikil áhrif í landinu þar sem flóð hafa valdið uppskerubresti og minnkandi landbúnaðarframléiðslu. Þá hefur reynst mjög erfitt að dreifa matvælum til þeirra sem á þurfa að halda vegna stríðsátaka.

Rauði krossinn fjármagnaði stöðugildi á Afríkuskristofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Nairóbí. Starfsmaðurinn vinnur að því að tryggja vernd, kynjajafnrétti og þátttöku án aðgreiningar (e. *protection, gender and inclusion*) í neyðaráætlunum afrískra landsfélaga hreyfingarinnar.

Í Malaví var áfram unnið að því að bæta heilsu og auka aðgengi um 150.000 íbúa þriggja héraða landsins að vatni og auka aðgengi barna að menntun, með stuðningi utanríkisráðuneytisins. Auk þess studdi Rauði krossinn miklar viðbragðsaðgerðir vegna COVID-19 sem hefur haft víðtækar afleiðingar í þessu fátæka landi. Sem dæmi má nefna mikla fjölgun barnahjónabanda og þungana táningsstúlkna vegna langvinnra skólalokana og erfiðra fjárhagsaðstæðna.

Í Sómalíu hélt Rauði krossinn áfram úti færanlegri heilsugæslu sem sinnir hirðingjasamfélögum í Hargeisa héraði en þar var sérstök áhersla lögð á mæðra-vernd og heilbrigði barna. Deildir Rauða krossins á Íslandi og nærsamfélög þeirra lögðu verkefnum sérstakt lið á árinu 2020. Í samvinnu við Rauða krossinn í Kanada og Rauða hálfmánann í Sómalíu var unnið að því að bæta heilbrigði og hreinlæti valdra samfélaga í Sómalíu. Auk þess var sérstök áhersla lögð á að koma í veg limlestingu á kynfærum kvenna og veita stuðning til þolenda kynferðisleg ofbeldis. Þá beitti Rauði krossinn á Íslandi sér fyrir því að auka getu Rauða hálfmánans til að móta og innleiða stefnu á sviði kynjajafnréttis og verndar fyrir berskjaldaða hópa.

Á árinu fór BRIDGE – *Building Resilience, Inclusion Development & Gender Equity*, nýtt samfélagsverkefni í **Sierra Leone** af stað. Verkefnið er unnið í samvinnu við Rauða krossinn í Finnlandi og er að vissu leyti framhald af þeirri uppbyggingu sem sömu landsfélög unnu með Rauða krossinum í Sierra Leone á síðustu árum. Í þeim verkefnum var lögð áhersla á hreinlætis- og heilbrigðisvitund með auknu aðgengi að hreinu drykkjavatni og salernisaðstöðu auk þess að endurvekja traust almennings til fagfólks og opinberrar þjónustu eftir ebólufaraldurinn 2014-2016. Í núverandi útfærslu eru

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020



jafnrétti, umhverfismál og forvarnir í viðbrögðum vegna hamfara samþætt inn í ofangreinda þætti fyrra verkefnis. Aðalmarkmið verkefnisins er að leitast við að styrkja þrautseigju íbúa í sex héruðum með því að auka og jafna þátttöku karla, kvenna, ungmenna og fatlaðra einstaklinga í samvinnu við og með þátttöku opinberra stofnanna, sveitastjórna og ráðuneyta.

Í Namibíu var Rauði krossinn styrktur til að auka fæðuöryggi berskjaldaðra íbúa vegna mikilla þurrka þar í landi. Þá vannur Rauði krossinn á Íslandi að metnaðarfullu verkefni í samstarfi við Alþjóðasamband Rauða krossins með það að markmiði að stórefla starf fjögurra landsfélaga hreyfingarinnar í Afríku með betri tæknilegum innviðum og aukinni notkun upplýsinga- og samskiptatækni.

Þannig geta landsfélögin aukið skilvirkni og umfang verkefna sinna á sama tíma og þau öðlast aukna færni til sjálfbærs viðhalds innviða og þekkingar. Þetta mikilvæga uppbyggingarverkefni hefur Rauði krossinn unnið í góðu samstarfi við Íslandsbanka, Þekkingu, Sýn, Origo og Reiknistofu bankanna sem lána Rauða krossinum sérfræðinga á sviði upplýsinga- og samskiptatækni en verkefnið er einnig stutt af utanríkisráðuneytinu.

Evrópa

Á árinu lauk formlega verkefni Rauða krossins í Hvíta Rússlandi sem hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif fyrir fólk með geðfötlun í höfuðborginni Minsk. Þá lauk stuðningi við ungmennaverkefni Rauða krossins á Grænlandi á árinu, en því var komið á fót árið 2017. Mikil og góð samvinna hefur verið á milli Rauða krossins

á Grænlandi og Íslandi. Í Armeníu og Georgíu var unnið að bættum neyðarvörnum með áherslu á eflingu sálræns stuðnings en einnig að viðbrögðum vegna COVID-19. Undir lok árs 2020 varð jarðskjálfti af stærðinni 6,4 á Richter í Króatíu sem olli miklu tjóni í bænum Petrinja og veitti utanríkisráðuneytið Rauða krossinum í Króatíu styrk til hjálparstarfa.

Þá hefur Rauði krossinn á Íslandi stutt dyggilega við fræðasetur Rauða krossins í sálrænum stuðningi (*IFRC Psychosocial Reference Centre*) og aukið samstarfið á undanförunum árum, meðal annars með því að lána sérfræðing til setursins. Þekking setursins nýtist einnig mjög vel verkefnum hér á landi.


Eyjaálfa

Leikjafyrirtækið CCP fór af stað með söfnun meðal leikmanna EVE Online vegna skógarelda sem geisdu í Ástralíu. Söfnunin fór fram í leiknum sjálfum með gjaldmiðli leiksins, PLEX og söfnuðust tæpar 13,5 milljónir íslenskra króna þolendum skógareldanna til handa.

Alþjóðaverkefni

Alþjóðleg verkefni Rauða krossins á Íslandi og verkefni sendifulltrúa

Alls voru 12 sendifulltrúar við störf í 14 verkefnum. Tveir fóru í sína fyrstu starfsferð á vegum Rauða krossins.



Á alþjóðavísu

Magna Björk Ólafsdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur

Verkefni: Störf við upptærslu gagnagrunnsupplýsinga fyrir spítalateymi IFRC

Unnið fyrir IFRC Health Department í Genf með aðsetur á Íslandi.



Fjármál

Tekjur og framlög 2020

Áhrif COVID-19 faraldursins voru veruleg á árinu. Hvað tekjur varðar voru áhrifin mest vegna lokunar söfnunarkassa og vegna markaðsaðstæðna og skertrar starfsemi Fatasöfnunar. Hins vegar varð aukning í umsvifum félagsins vegna neyðarviðbragða við faraldrinum. Umfangsmesta verkefnið var rekstur farsóttarhúsa.

Heildartekjur Rauða krossins á árinu 2020 námu 2.765 milljónum króna. Stærsti tekjuliðurinn var sem fyrr samningsbundin verkefni fyrir ríki og sveitarfélög, alls 1.034 milljónir. Tekjur af söfnunarkössum voru rúmar 200 milljónir og drógust saman um rúmlega 50% milli ára vegna áhrifa COVID-19. Tekjur af sölustarfsemi minnkuðu um 25% og námu 308 milljónum. Ýmis framlög frá almenningi og fyrirtækjum hækkuðu hins vegar verulega, eða sem nam um 400 milljónum og voru alls 789 milljónir.

Aukningin skýrist einkum af ríflegum framlögum frá ýmsum fyrirtækjum, þ.m.t. Marel. Framlög Mannvina námu 252 milljónum króna og félagsgjöld til deilda námu 30 milljónum.

Hagnaður fatasöfnunar dróst saman um rúmar 30 milljónir á milli ára. Útflutningur dróst saman um u.þ.b. 300 tonn og var 2.542 tonn og útflutningsverð lækkaði verulega. Alls var úthlutað 32 milljónum til skjólstæðinga í forni fatakorta.

Tekjur af sjúkraflutningum námu alls um 551 milljón, þar af var framlag ríkisins 227 milljónir.

Framlög til verkefna jukust um 245 milljónir á milli ára og námu alls 2.775 milljónum. Til verkefna innanlands fóru alls 1.152 milljónir, eða 42%. Stærstu verkefni voru eins og fyrri ár þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega


vernd sem námu 411 milljónum. Félagslegur stuðningur við ýmsa hópa á landsvísi nam 120 milljónum og rekstur athvarfa nam 124 milljónum króna.

Alls varði Rauði krossinn 550 milljónum í alþjóðlegt hjálparstarf og alþjóðasamstarf. Stærstu framlögin á árinu voru 158 milljónir vegna fæðuöryggis í Suður Súdan, 82 milljónir vegna neyðar- og þróunarverkefna í Malaví og 37 milljónir vegna heilbrigðisverkefna í Sómalíu.


Samningsbundin framlög Utanríkisráðuneytis námu alls 164 milljónum. Deildir lögðu tæpar 25 milljónir til alþjóðlegs hjálparstarfs sem var ríflega tvöföldun milli ára.

Stöðugildi hjá félaginu voru 115 á árinu og að jafnaði voru 1,7 sendifulltrúar að störfum erlendis.


Próun tekna í milljónum króna síðustu 5 ár




Alþjóðaverkefni



Útgjöld eftir verkefnum



Verkefni innanlands



Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Söfnunarkassar	201	427	510	586	560	497
Frjáls framlög	789	389	416	333	357	309
Samningar við stjórnvöld	1.034	967	971	763	731	374
Sjúkraflutningar	308	361	345	320	323	265
Sölustarfsemi	309	409	429	426	390	340
Aðrar tekjur	124	167	117	128	75	88
Samtals	2.765	2.719	2.788	2.556	2.436	1.873

Framlög til verkefna í milljónum króna	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Alþjóðlegt hjálparstarf	501	371	441	404	414	255
Alþjóðasamstarf	49	84	72	60	60	67
Innanlandsstarf	1.162	1.127	1.234	960	803	598
Sjúkraflutningar	491	465	425	409	378	399
Hjálparsíminn 1717	47	34	46	28	32	32
Athvörf Rauða krossins	123	116	115	114	95	91

Skipting útgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2020	%
Innanlandsstarf	1.162	42%
Alþjóðlegt hjálparstarf	501	18%
Alþjóðasamstarf	49	2%
Sjúkraflutningar	491	18%
Fjáröflun og kynning	405	15%
Önnur starfsemi	167	6%
Samtals	2.775	100%

Sundurliðun innanlands	2020	%
Deildarstarf	167	14%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	50	4%
Athvörf Rauða krossins	123	11%
Hjálparsíminn	47	4%
Flóttamenn og hælisleitendur	411	35%
Félagslegur stuðningur	130	11%
Önnur innanlandsverkefni	234	20%
Samtals	1.162	100%

Alþjóðlegt hjálparstarf	2020	%
Neyðaraðstoð	302	60%
Próunarsamvinna	174	35%
Sendifulltrúar	25	5%
Samtals	501	100%



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is